

**110. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
15. ágúst 2019 og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Jón Hjörvar Valgarðsson áheyrnarfulltrúi ungmenna, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1908147 - Bæjarstjórn unga fólksins 2019**

Tillaga að fundardeggi fyrir bæjarstjórnarfund unga fólksins.

*Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnamála, Jón Hjörvar Valgarðsson áheyrnarfulltrúi ungmenna og Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskólans sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að leggja til að bæjarstjórnarfundur unga fólksins verði haldinn þriðjudaginn 19. nóvember kl. 17:00.*

**2. 1905208 - Ungt fólk 2019 - Rannsókn og greining niðurstöður**

Kynning á niðurstöðum Rannsóknar og greiningar á högum og líðan ungs fólks í 5. 6. og 7. bekk.

*Jón Hjörvar, Jónína og Heiðrún sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu Janusardóttur fyrir kynningu á niðurstöðum Rannsóknar og greiningar.*

*Jón Hjörvar og Heiðrún víkja af fundi.*

**3. 1906188 - TOSKA ársskýrsla '18-'19 og starfsáætlun '19- '20**

Skólastjóri tónlistarskólans kynnir ársskýrslu og starfsáætlun.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Jónínu Ernu Arnardóttur fyrir kynningu á ársskýrslu og starfsáætlun Tónlistarskólans.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**

*Bára Daðadóttir  
Sandra M. Sigurjónsd.  
Ragnar Sæmundsson*